



33. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2021-2023

Mánudagur 7. nóvember 2022 kl. 17:00

Mætt til fundar: Hannes S. Jónsson *formaður* (HSJ), stýrir fundi, Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir varaformaður (GNE), Birna Lárusdóttir annar varaformaður (BL), Guðni Hafsteinsson gjaldkeri (GH), Herbert Arnarson (HSA), Lárus Blöndal (LB), Guðrún Kristmundsdóttir (GK), Einar Karl Birgisson (EKB) og Erlingur Hannesson (EH).

HSJ og GNE rituðu fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðir tveggja síðustu funda hafa verið sendar teljast þær samþykktar. Fundargerðir frá mars á þessu ári verða settar kki.is fyrir miðjan nóvember.

2. Fjármál

Uppgjör fyrir fyrstu 10 mánuði ársins kynnt. Því miður er enn verið að bíða eftir niðurstöðu ríkisins varðandi stuðning sem á að koma vegna aukakostnaðar í COVID-19 vegna landsliðsmála 2020 og 2021. Biðin orðin nokkuð löng og farin að hafa áhrif á starfið.

3. Jafnréttisnefndin

Samræmd viðbragðsáætlun fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf var gefin út 4. nóvember og var áætlunin unnin undir forystu embættis samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs. Stjórn KKÍ fagnar að þessi viðbragðsáætlun sé komin út.

4. Mótamál

Tekið fyrir bréf frá foreldri í Keflavík sem sent var 13. okt. sl. Formanni mótanefndar og mótastjóra falið að svara bréfinu.

Rætt um atvik í leik Tindastóls og Hauka í VÍS bikar karla í október er varðar reglugerð um körfuknattleiksmót, grein 15. Þar sem Haukar sendu inn kæru vegna málsins var ábending stjórnar ekki send inn til aga- og úrskurðarnefndar svo ekki væru tvær tilkynningar eða kærur um sama málið þar inni.

Farið yfir hugsanlegar breytingar á mótakerfi sambandsins. Genius Sports í vandræðum með mótakerfið sitt (niðurraðanir leikja og dómara og félagaskipti) og því þarf að skoða aðra möguleika. HSJ falið að skoða önnur mótakerfi sem og ræða við nágrannalönd okkar vegna þessa.

Rætt um stöðuna í dómaramálum. Nokkrir nýir dómarar að verða til sem er jákvætt. Rætt um stöðuna í viðræðum við KKDÍ.

5. Afreks- og landsliðsmál

Farið yfir landsleikina hjá karla- og kvennaliðunum núna í nóvember. Rætt um ráðningar yngri landsliðsþjálfara sem verið er að klára og prógrammið hjá yngri liðunum í desember. Vinna við þjóðarhöll er í fullum gangi, ráðherra íþróttamála hefur skipað HSJ og GNE í ráðgjafaráð við framkvæmdanefndina og taka þau virkan þátt í vinnu við undirbúning þjóðarhallar.

6. Fræðslu- og útbreiðslunefnd

Spurning hvort nefndin þurfi að vera til í dag eins og staðan er í dag, því allt sem tengist nefndinni er unnið frá skrifstofunni og margt í gangi. Þjálfaramenntun í farvegi, dómaramenntun er í farvegi, aðstoð við ný félög í farvegi og svo er almenn útbreiðsla ávallt í vinnslu.

7. FIBA og alþjóðleg málefni

Norðurlandafundur 26.-27. október sl., næsti fundur í Tallinn í Eistland 4.-5. janúar. FIBA Europe og FIBA World kosningar 2023. Verðum að fara að skoða alvarlega 3x3, en það má segja að FIBA sé að missa þolinmæðina gagnvart okkur. Stefnt að fundi með FIBA í desember vegna málsins eða á fyrstu mánuðum 2023. Óskað hefur verið eftir fjárhagslegum stuðningi frá FIBA World. Farið yfir sektir frá FIBA á árinu vegna aðbúnaðar á leikstað landsliða okkar hér á Íslandi.

8. ÍSÍ og tengd málefni

Formannafundur ÍSÍ 25. nóvember og farið yfir ýmis mál tengd ÍSÍ.

9. Önnur mál

Rætt um samninga vegna veðmálaréttar og sjónvarpsmála, halda fund með félögunum í desember eða janúar.

Skoða kerfi sem auðveldar beinar útsendingar frá öllum leikjum allra flokka félaganna. Ræða þetta á fundi með félögunum.

Næsti fundur mánudaginn 5. desember kl. 17.00.